

## Lygar og lífefnavopn. Viðstöðulausar veirusýkingar og bóluefni

Það er væntanlega alkunna, að covid-19 veiran var búin til á rannsóknarstofu í samvinnu bandarískra og kínverskra yfirvalda og vísindamanna. Sama á við um sleppingu hennar og samhæfðan viðbúnað og viðbrögð stjórnvalda víða um heim undir forustu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Tveir leiðtogar í Afríku, sem sýndu tortryggni og andstöðu, dóu skyndilega.

Áróður, sálhernaður, spilling og skollaleikur fyrrgreindra og fjárfesta, er einnig kunnur. Allt var þetta reyndar þaulæft í samvinnu yfirvalda og lyfjaframleiðenda/auðaðals.

Reynsla af sífelldum bólusetningum við hinum og þessum veirusýkingum höfðum við einnig í farteskinu. Áróður heilbrigðisyfirvalda var oft og tíðum yfirþyrmandi. Afneitun alvarlegra aukaverkana var einnig áberandi. Sama á við um áróður fyrir alls kyns vafasömum skyldubólusetningum barna.

Svívirðilegar tilraunir lyfjafyrirtækjanna bæði með lyf og bóluefni ætti að vera öllum kunn, meira að segja Landlæknisembættinu og heilbrigðiskerfinu í heild sinni.

Augu fólks opnast smám saman fyrir þeim fantabrögðum og fólskuverkum, sem andmælendur veirufársins verða fyrir; svipting eigna og barna til viðbótar mannorðsmorði, þvingaðri geðlyfjagjöf, einelti, útskúfun, atvinnumissi og svo framvegis.

En veruleikinn kynni að vera enn þá gruggugri, ef marka má orð Judy Mikovits. Hún er veirufræðingur og vísindamaður, sem í áratugi hefur starfað að rannsóknum og framleiðslu á veirum.

Hún heldur því fram, að allar veirur, sem borist hafa í faröldrum um alla veröld, eftir 1980, séu í raun afurðir lífefnavopnarannsókna, þar sem lögð hefur verið áhersla á aukinn sýkingarmátt (gain of function) veirunnar.

Samkvæmt Judy hefur átt sér stað samvinna Bandaríkjamanna, Kínverja, Japana, Þjóðverja og Rússa. Tilraunastofur voru einnig starfræktar í Úkraínu.

Bóluefnin hafa, á sama hátt og bóluefnin við covid-19, verið til þess gerð að koma fyrir efnum í líkamanum, sóttkveikjum í dvala, sem voru ræstar við síðari bólusetningar.

Í rannsókn hefur verið sýnt fram á, að þeir, sem þegið hafa flensusprautur, veiktust fremur af covid-19. (Greg G. Wolff: Influenza vaccination and respiratory virus interference among Department of Defense personell during the 2017-2018 influenza season.)

Judy var ein þeirra, sem hélt áfram starfi og uppgötvunum franska örveirufræðingsins, Luc Montagnier (1932-2022), sem kom vísindamönnum á spor alnæmisveirunnar og varaði, rétt fyrir andlát sitt, við covid-19 sprautunum. Það hefur verið fjallað töluvert um alnæmisveiruhneykslið (sbr. krækjur neðan máls frá beforeitsnews.com).

Judy skrifaði vísindagrein um tengsl síþreytuheilkennis (chronic fatigue syndrome) og veiru, sem kölluð er XMRV. Greinin var dregin til baka (retract) af ritstjórn tímaritsins. Þannig er reynt að þagga niður í henni og samstarfsmönnum.

Judy segir líka frá spillingunni í heilbrigðis- og stjórnkerfinu, t.d. því, hvernig opinberum starfsmönnum er heimilt að sækja um einkaleyfi á uppgötvunum á opinberum rannsóknarstofum.

Í heimildarmyndinni kemur einnig greinilega fram spillingin í heilbrigðiskerfinu í sambandi við covid-19 sjúkdómsgreiningu og sérstakar greiðslur frá heilbrigðisyfirvöldum fyrir rangar skýrslur um dánarorsök. Þetta er liður í upplýsingafölsun heilbrigðisyfirvalda/stjórnvalda.

Það þarf varla að taka fram, að lyfjamafían og stjórnvöld hafa farið hamförum gegn Judy, m.a. með misbeitingu löggæslu og dómskerfis, t.d. varpað henni í fangelsi fyrir engar sakir. Eigendur samfélagsmiðla og vísindatímarit tóku einnig þátt í aðförinni.

Mannorð hennar er svert, fjárhagi hennar rústað. Heimildarmyndin „Svikafaraldurinn“ (Plandemic) var fjarlægð af netinu – þó ekki alveg, sbr. krækju neðanmáls.

Þessi vísindamaður er einstakur. Judy berst fyrir endurreisn vísindanna, almannaheill, eiginlegum bólusetningum, sannleika og réttlæti.

Judy varar sérstaklega við því, sem hún kallar eyðingu „stofnanaminnis: „Það er ein af lykilaðgerðunum við eyðingu stofnanaminnisins að beita áróðri af [slíkri] kænsku, að hann hjúpi sannleikann og vísindin hulu.“

Frásögn og fræði Judy eru allrar athygli verð. Hún hefur skrifað nokkrar bækur um efnið.

<https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/31607599/>

<https://therealdrjudy.substack.com/p/welcome-to-dr-judys-data-substack>

<https://beforeitsnews.com/alternative/2021/07/aids-and-the-azt-scandal-the-aids-pandemic-was-created-by-the-same-people-who-gave-us-coronavirus-azt-remdesivir-and-tony-fauci-the-wonder-drug-point-guard-for-pharma-must-see-videos-3754794.html>

<https://beforeitsnews.com/alternative/2021/07/aids-and-the-azt-scandal-the-aids-pandemic-was-created-by-the-same-people-who-gave-us-coronavirus-azt-remdesivir-and-tony-fauci-the-wonder-drug-point-guard-for-pharma-must-see-videos-3754794.html>

<https://beforeitsnews.com/alternative/2021/07/aids-and-the-azt-scandal-the-aids-pandemic-was-created-by-the-same-people-who-gave-us-coronavirus-azt-remdesivir-and-tony-fauci-the-wonder-drug-point-guard-for-pharma-must-see-videos-3754794.html>

<https://expose-news.com/2022/04/15/snakes-spike-protein-injections-things-to-consider/>

<https://retractionwatch.com/2016/02/16/court-dismisses-lawsuit-by-xmr-v-chronic-fatigue-researcher/>

<https://retractionwatch.com/2011/12/22/chronic-fatigue-syndrome-xmr-v-paper-retracted-by-science-completely-this-time/>

<https://rumble.com/v2cad8o-dr.-judy-mikovits-who-are-the-nefarious-characters-behind-the.html?mref=5gmrp&mc=zbwhd>

<https://www.onenewspage.com/video/20230307/15509309/FULLY-JABBED-amp-BOOSTED-DROPPING-DEAD-IN-BRITAIN.htm>

<https://www.godtube.com/watch/?v=1MM1CJNU>